

Rannsóknastefna Landgræðslunnar

Landgræðsla er gamalt hugtak í íslensku sem tekur yfir allar aðgerðir sem stuðla að því að græða land í skilningi þess að bæta ástand þess og koma í veg fyrir hnignun og eyðingu gróðurs og jarðvegs.

Rannsóknir Landgræðslunnar hafa það markmið að styðja við hlutverk og markmið stofnunarinnar, eins og það er skilgreint í lögum um landgræðslu, efla faglegan grunn fyrir starfsemi stofnunarinnar og tryggja að aðgerðir stofnunarinnar séu byggðar á slíkum grunni. Rannsóknastefna stofnunarinnar hefur þann megintilgang að greina þörf fyrir rannsóknir á mismunandi fagsviðum, forgangsraða verkefnum og gera rannsóknir skilvirkari. Jafnframt þarf að tryggja að ekki verði hagsmunaárekstrar milli rannsókna og stjórnvaldstengdra aðgerða stofnunarinnar.

Landgræðslan starfar samkvæmt lögum um landgræðslu (Lög nr. 155 21. desember 2018), þar segir svo í fyrstu grein laganna: „*Markmið laga þessara er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands*“.

Þessi markmið eru nánar skýrð í annarri grein og þriðju grein laganna þar sem stendur:

„*Til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu lands skal stefnt að því að:*

- a) *nýting lands taki mið af ástandi þess og stuðli að viðgangi og virkni vistkerfa,*
- b) *stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs,*
- c) *komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi,*
- d) *hver sá sem veldur spjöllum á gróðri og jarðvegi bæti fyrir það tjón,*
- e) *nýting lands verndi líffræðilega fjölbreytni og orku- og næringarforða og nauðsynlega jarðvegseiginleika fyrir virkni vistkerfisins,*
- f) *auka þátttöku almennings og hagsmunaaðila í stefnumótun og aðgerðum sem varða gróður- og jarðvegsvernd,*
- g) *auka þekkingu á mikilvægi jarðvegs og gróðurs og sjálfbærrar nýtingar lands,*
- h) *fram fari reglubundin vöktun á gróðurlendi, jarðvegi og landnýtingu.*“ (Lög um landgræðslu önnur grein).

„*Til að efla vistkerfi landsins skal stefnt að því að:*

- a) *byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast og líffræðilega fjölbreytni þeirra,*
- b) *auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart náttúrulegum áföllum og náttúruvá,*
- c) *auka kolefnisbindingu með endurheimt vistkerfa,*
- i) *virðja almennung og hagsmunaaðila til þátttöku í endurheimt og uppbyggingu vistkerfa.*“ (Lög um landgræðslu þriðja grein).

Í lögnum er jafnframt kveðið á um að Landgræðslunni beri „*að vinna að þróun landgræðslu, m.a. með því að stunda rannsóknir og þróunarstarf*“ (Lög um landgræðslu fimmta grein).

Rannsókn- og þróunarstarf Landgræðslunnar tekur mið af þeim áherslum sem koma fram í þessum lögum. Megináherslur rannsókn- og þróunarstarfs Landgræðslunnar eru eftirfarandi:

- að hafa frumkvæði að rannsókn- og þróunarstarfi sem stuðlar að því að Landgræðslan geti uppfyllt markmið stjórnvalda sem sett eru fram á hverjum tíma
- að stuðla að samvinnu þeirra sem bera ábyrgð á og stunda rannsóknir á þessu sviði
- að afla nýrrar þekkingar á sviði landgræðslu, m.a. með þátttöku í erlendu rannsóknasamstarfi og að koma innlendri og erlendri þekkingu í hagnýt not
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi aðferðir, efnisnotkun og hagkvæmara vinnulag skil sér í breyttu verklagi, til að auka gæði landgræðslu og þeirrar þjónustu sem Landgræðslan veitir á hverjum tíma
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi gróður, jarðveg og náttúru skili sér í markvissari verndun og eflingu vistkerfa
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi endurheimt vistkerfa skili sér í vistkerfum með fjölbreyttu lífríki, starfsemi og þjónustu
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi sjálfbæra landnýtingu skili sér í að nýting jarðvegs- og gróðuruðlinda landsins sé sjálfbær en skili landsmönnum jafnframt efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi tengsl samfélags við landgræðslu skili sér í almennri þátttöku í landgræðslustarfi og auknum lífsgæðum þjóðarinnar
- að veita upplýsingar um þessa starfsemi og niðurstöður rannsókna
- að meta niðurstöður rannsókna- og þróunarstarfsins og nota þær sem grunn fyrir úrbætur í starfsemi Landgræðslunnar

Rannsóknastefna Landgræðslunnar skal vera í stöðugri endurskoðun í samræmi við breyttar áherslur og þarfir málaflokksins þar sem stofnunin skilgreinir:

- tengingu rannsóknastefnu við árangursmiðaða stefnu stjórnvalda eins og hún er sett fram hverju sinni í Fjármálaáætlun ríkisins
- ákveðinn farveg fyrir ákvörðunartöku um rannsóknaverkefni og utanumhald verkefna, svo sem framkvæmd, eftirfylgni og miðlun niðurstaðna svo tryggt sé að rannsóknir styðji við aðra starfsemi stofnunarinnar